

5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2016-2017 haldinn þriðjudaginn 25. Apríl 2017 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Þorgerður Anna Arnardóttir og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara og Selma Rós Axelsdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá:

1. Félagslíf nemenda
Formaður leikfélagsins – Kristjana Ýr Herbertsdóttir sagði frá starfi vetrarins – Gengið vel í vetur. Í heildina tóku um 100 nemendur þátt í uppfærslu leikritsins „Kalli og súkkulaðiverksmiðjan“. Sýndar voru 12 sýningar og 3 aukasýningar. Barnaleikrit var sett upp á haustönn, FG vann „leiktu betur“ keppni framhaldsskólanna í fyrsta sinn.
Formaður NFFG – Selma Rós Axelsdóttir – NFFG alltaf haft eitthvað í gangi allan veturinn, taka þátt í því sem er að gerast í samfélaginu eins og bleiki dagurinn og blái dagurinn. Söngkeppni framhaldsskólanna var felld niður vegna fjárskorts en innanskóla keppnin tókst mjög vel. Gettu betur liðið komst í sjónvarpið. FG tók líka þátt í Morfís keppninni. Busaferð var farin í byrjun haustannar og svo Þórsmerkurferð í október, skíðaferðin var hins vegar felld niður vegna lélegrar þátttöku. FG – Flensborgardagurinn gekk mjög vel – lukkuðýrið Garðar og klappstýruliðið slógu í gegn.
2. Fjármál skólans – nýjasta yfirlitið lítur vel út. Umræða um fjármál framhaldsskólanna hefur verið áberandi í fjölmiðlum undanfarið. Kominn er tími á ýmsa endurnýjun búnaðar í skólanum.
3. Brautskráning nemenda – lau. 27. maí kl. 11. Um 100 nemendur að útskrifast.
4. Innritun á haustönn 2017 – Ýmsir mismunandi þættir sem taka þarf tillit til við afgreiðslu umsókna. Allar umsóknir meðhöndlaðar út frá mannlega þættinum.
5. Önnur mál – Nokkrar breytingar í sambandi við starfsmannahald verða í haust.

Næsti fundur 31.maí kl.12:00

Fundi slitið kl.13:00

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.